

Viðbrögð skólans ef neikvæð samskipti koma upp

Skólinn ber skýlausa ábyrgð á velferð barnanna eins og kveðið er á um í fyrstu meginreglu Hjallastefnunnar. Þannig hefur skólinn brugðist ef neikvæð samskipti eiga sér stað milli barna. Neikvæð samskipti sem geta verið fyrsta skref í ofbeldissamskiptum og einelti, getur falist í orðanotkun, svip og tóni, útilokun, barsmíðum sem og hverju því sem eitthvert barn er beitt og veldur því tilfinningalegum, félagslegum eða líkamlegum skaða. Skólinn samþykkir ALDREI nokkur merki um samskipti af þessum toga og ber því að bregðast umsvifalaust við ef einkenni gera vart við sig. Hugtakið „einkenni“ er notað þar sem Hjallastefnan lítur svo á að ofbeldiseinkenni séu afleiðing af vöntun; vöntun á vel unninni kynjanámskrá eins og agakennslu, vináttuþjálfun eða kennslu í umburðarlyndi og víðsýni eða þá vöntun á góðum og réttum aðstæðum í skólanum. Þar má nefna réttur kennari á réttum stað, fullnægjandi húsrými og búnaður, viðeigandi námsefni og námsaðstæður fyrir alla og þannig má lengi telja. Ofbeldi er því ekki sjálfstætt vandamál heldur hörgulsjúkdómur sem kemur til vegna vöntunar.

Fyrstu viðbrögð

Fyrstu viðbrögð eru ávallt á þeim nótum að kennarar og annað starfslíð skoðar sinn hlut í neikvæðum samskiptum. Þannig yfirfer kennari og skólastjóri umsvifalaust hvernig hin neikvæðu samskipti bar að eða „yfirfara slysavettvang“. Þar ber meðal annars að skoða eftirfarandi:

Hafði kennarahópurinn kynnt sér fræðsluefni og fjallað um ofbeldissamskipti og einelti? Ef ekki, ber að bæta úr því með að fá fyrirlestur eða finna fræðsluefni sem síðan er tekið til umfjöllunar á vettvangi skólans.

Var námsefni eða námsaðstæður nægilega ígrundað og framfylgt með þeim hætti að öllum börnum tækist að vera með á jákvæðan hátt? Ef ekki, þarf kennari að breyta til og tryggja að námsefni sé ekki keyrt áfram við óbreyttar aðstæður. Skólastjóra ber þá að fylgjast með hópastarfinu þar til fullnægjandi árangur næst.

Var kennarinn með fullnægjandi nemendastjórnun? Ef ekki, ber skólastjóra að auka stuðning eða þjálfun viðkomandi kennara en ef það dugar ekki til, þarf skólastjóri að grípa til breytinga.

Var eftirlit skóla/kennara fullnægjandi? Ef ekki, þarf að auka það eða taka út þær aðstæður þar sem eftirlit getur ekki verið fullnægjandi.

Í kjölfarið á skoðun á hinum neikvæðu samskiptum skal grípa til úrbóta eins og segir hér að ofan og viðhafa stóraukið eftirlit til að athuga hvort árangur náist. Ef atvikið hefur ekki verið alvarlegt að mati skólans og ef árangur næst, er litið svo á að ekki þurfi að setja forráðamenn barnanna inn í aðstæður.

Gerð áætlunar um bætt samskipti

Ef hin neikvæðu samskipti hafa verið alvarleg að mati skólastjóra eða ef skólanum tekst ekki að lagfæra samskiptin með fyrstu viðbrögðum, fer málið á næsta stig. Þá hafa skólayfirvöld samband við foreldra allra þeirra barna sem hlut áttu að máli (Hjallastefnan talar ekki um geranda og þolanda heldur hlutaðeigandi) og fer yfir samskiptin á einkafundum. Í kjölfarið er metið hvort hluti foreldrahópsins eða jafnvel allur foreldrahópur viðkomandi nemendahóps verði kallaður til í samráð um aðgerðir.

Nemendaverndarráð fær einnig upplýsingar um samskipti hlutaðeigandi á þessu stigi málsins. Þar sitja m.a. skólastjóri, skólasálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúi sérkennara. Þessir aðilar koma að lausn málsins eftir eðli hvers máls. Kennari leggur upp áætlun um úrbætur samskipta í samráði við skólastjóra og fulltrúa nemendaverndarráðs ef þurfa þykir. Í áætlun kennara mun felast stóraukin áhersla á félagslega þætti kynjanámskrárinnar með umræðum og æfingum. Að auki mun verða unnið með vináttuhópa bæði í skólanum og milli heimila barnanna, sérstaklega hlutaðeigandi barna en einnig á víðari grunni ef ástæða er til. Áætluninni eru sett tímamörk þannig að mat fari fram á árangri eftir tiltekinn tíma. Kennari og skólastjóri bera ábyrgð á að kynna öllum niðurstöður; foreldrum hlutaðeigandi barna sem og öðrum foreldrum ef þeir hafa verið inni í málum og eins skal nemendaverndarráð fjalla um niðurstöður.

Ef árangur næst ekki

Ef fullnægjandi árangur næst ekki með gerð og framkvæmd áætlunar um bætt samskipti, ber nemendaverndarráð ábyrgð á áframhaldi málsins. Þar á meðal getur þurft að leita til utanaðkomandi aðila með sérþekkingu á viðkomandi sviði og eins ef forráðamenn eða skólastjóri telja að ekki ríki traust milli heimilis og skóla. Skólinn skal einnig starfrækja námsver (gestakjarna) innan veggja skólans þar sem unnið er með námsörðugleika sem og tilfinninga- og félagsörðugleika nemenda. Skólinn getur þurft að beina hlutaðeigandi aðilum í einelti eða ofbeldisátökum tímabundið í námsverið til að tryggja vernd og öryggi þeirra sjálfra svo og allra annarra aðila. Ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn á neikvæðum samskiptum sem jafnvel eru komin á stig eineltis, ber að að upplýsa skólayfirvöld um stöðu mála hvað varðar lokalausnir. Lokaúrræði skólans er síðan að leita til fagraðs menntamálaráðuneytis sbr. reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.